

Fundargerð aðalfundar Skógfræðingafélags Ísland 2020

Aðalfundurinn var haldinn í gegn um netið þ. 7. október. kl. 16:30 – 18:30

Brynja Hrafnkelsdóttir formaður félagsins setti fundinn. Aðalsteinn Sigurgeirsson var skipaður fundarstjóri og Úlfur Óskarsson fundarritari.

1. Skýrsla stjórnar

Brynja flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starfið á liðnum misserum. Stjórnin fundaði nokkrum sinnum og skipulagði m.a. vel heppnaðann vinnudag 21. september 2019 í Gunnarslundi í Haukadal. Gerð heimasíðu fyrir félagið var ýtt úr vör og ferðanefnd var virk innan félagsins. Félagið bauð félagsmönnum styrki til að sækja námskeið hjá Dennis Riege við LBHÍ í endurnýjun skóga, en enginn félagsmaður þáði það.

Brynja þakkaði fráfarandi stjórn gott samstarf.

2. Skýrslur nefnda

Námsmatsnefnd: Enginn var mættur til að flytja fréttir af inntöku nýrra félaga.

Endurmenntunarnefnd: Brynja nefndi aftur styrkinn sem var í boði á námskeið hjá Dennis.

Ferðanefnd: Arnlín Ólafsdóttir flutti skýrslu ferðanefndar. Í skýrslunni eru kynntir ýmsar ferðatillögur. Til stóð að bjóða upp á ferð til Wales á þessu ári en henni var frestað vegna Covid19 sóttarinnar.

Orðanefnd: Nefndin hefur ekki starfað að undanfögnu.

3. Reikningar félagsins

Hrönn Guðmundsdóttir gjaldkeri kynnti reikninga félagsins. Heimtur félagsgjalda voru góðar; allir félagarnir 49 greiddu gjöldin. Samtals voru tekjur 2019 kr. 167.205 og gjöld kr. 85.919. Stærsti kostnaðarliðurinn var vegna aðalfundar á Hallormsstað. Hagnaður ársins var kr. 81.286 og eignir í árslok voru 861.797.

Í sjóði félagsins vegna Gunnarslunds voru kr. 718.235.

Reikningar félagsins voru samþykktir.

4. Árgjald

Samþykkt var að hafa árgjald óbreytt, kr. 3.400.

5. Lagabreytingar

Engar tillögur um breytingar bárust fyrir fundinn.

6. Stjórnarkjör

Félagsmenn á SV- og V-landi tóku við félaginu á aðalfundinum. Stjórn rétt kjörin á fundinum til næstu tveggja ára er skipuð Valdimari Reynissyni, Hraundísi Guðmundsdóttur og Jóni Auðunni Bogasyni, ásamt Sævari Hreiðarssyni til vara.

7. Kjör í nefndir

Hreinn Óskarsson átti að ganga úr í námsmatsnefnd en var endurkjörinn til nefndarsetu. Samþykkt var að endurmenntunarnefnd sæti áfram óbreytt. Samþykkt var að Páll Sigurðsson gengi til liðs við

orðanefnd, sem yrði að öðru leiti óbreytt. Ferðanefnd var beðin um að starfa áfram. Ný stjórn ákveður hver stjórnarmannanna tekur við af Hrönn Guðmundsdóttur, sem var fulltrúi fráfarandi stjórnar.

8. Kjör skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir, þau Harpa Dís Harðardóttir og Helgi Gíslason.

9. Áætlun um störf næsta árs

Rætt var um áframhaldandi störf ferðanefndar, en stefnt verður að því að fara ferð á næsta ári. Stjórnin stefnir að því að vinna að endurmenntunarmálum og standa vel að Gunnarsdegi á næsta ári.

10. Önnur mál.

Ellert Arnar Marísson ræddi nýja heimasíðu félagsins og hvatti félagsmenn til að nýta hana undir fréttir frá stjórn og aðra upplýsingagjöf. Ábending kom um fésbókarsíðu félagsins sem búið er að stofna en á eftir að virkja. Lilja Magnúsdóttir og fleiri ræddu mikilvægi þess að skógræðingar gætu nýtt sér lokaðan fésbókarhóp fyrir óformlegar umræður um ýmis mál.

Arnín vakti máls á hvernig hægt væri að tryggja skógfagleg vinnubrögð aðila sem nýta skattaafslátt til skógræktar.

Margir komu að umræðu um nýtingu og framtíð Gunnarssjóðs. Reglur um sjóðinn takmarka nýtingu hans, en vaxtatekjur standa varla undir rekstri lundarins í Haukadal. Nýrri stjórn var falið að skoða málefni sjóðsins og hvernig meggi auka þjónustu hans.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið.